

FUNDARGERÐ STJÓRNARFUNDAR FORELDRAFÉLAGS FLATASKÓLA

Fundur var haldinn í kennarastofu Flataskóla 8.5.2017 kl. 17:30.

Mættir voru: Rebekka, Ingibjörg, Auður, Katrín, Lóa og Ása.

1. Gjaldkeri fór yfir stöðu reiknings og ógreidda reikninga. Staðan er góð. Jákvætt er að af og til berast greiðslur frá foreldrum vegna valkvæðra greiðsluseðla inná reikning félagsins.

Búið var að staðfesta við skólann að foreldrafélagið greiði fyrir kynfræðslu Siggu Daggar í 7. bekk. Reynt verður að hafa fund með Siggu Dögg og foreldrum eins og verið hefur. Skólinn tók vel í hugmynd um að foreldrafélagið myndi styrkja komu „Út fyrir kassann“ til að tala við 6.-7. bekkina um sjálfstyrkingu. Einnig voru keypt lítil páskaegg fyrir krakkana og starfsfólk skólans fyrir páska. Áhugi er á því ef fjármunir leyfa að kaupa glaðning fyrir kennara og starfsfólk nú í lok skólaárs, en það fer eftir því hver þátttaka félagsins verður í kostnaði við vorferð skólans.

2. Vorhátíð og vorferð. Stjórn ákvað að hafa ekki vorhátíð með hefðbundnu sniði þar sem hoppukastalar og pylsur eru meira í boði víða um bæ og borg. Voru nokkrar hugmyndir ræddar. Áhugi var fyrir því að reyna að blanda saman vorhátíð og vorferð skólans. Málið hafði verið viðrað við skólastjóra á skólaárinu sem tók vel í að skoða það, sérstaklega í ljósi þess að verð rútuferða er mjög hátt. Formaður mun hafa samband við skólastjóra til að kanna fyrirkomulag vorferðar í ár og með hvaða hætti foreldrafélagið getur stutt við kostnað vegna hennar.
3. Ræddur var fyrirhugaður fundur Grunnstoðar með bæjarstjóra og fram komu hugmyndir sem vert þótti að leggja áherslu á. Stjórn var ánægð með nýjan hjólapall á milli Flata- og Garðaskóla.
4. Fundi slitið kl. 18:35.